

## GJALDSKRÁ

**fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.**

1. gr.

*Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.*

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- a. 385 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1.
- b. 200 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- c. 200 krónur á klukkustund, fyrir fyrstu tvær klukkustundir en 55 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- d. 200 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

*Gjald fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík.*

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

- a. 1.250 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- b. 2.500 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi borgarstjórnar 18. janúar 2022 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 951/2021.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 21. janúar 2022.*

**Dagur B. Eggertsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 26. janúar 2022